Náms- og kennsluáætlun
Myndmennt
7. bekkur 2026-2027

Kennari/kennarar:

Gréta Jónsdóttir

Námsgrein

Markmið myndmenntar er að efla sköpunargáfu og auka þekkingu í grunnþáttum myndlistar. Nemendur æfa sig í notkun á efnum, áhöldum, hugmyndum og tækni sem eru undirstaða myndsköpunar. Í námsgreininni myndmennt er unnið með alla miðla sjónlista þar sem hugmyndum er fundinn farvegur. Að rýna í listaverk hjálpar okkur að skilja sögu, menningu og samfélagið í heild á sama tíma og það hjálpar okkur að eflast sem persónur. Í myndmennt öðlast nemendur tækifæri til að læra og tjá sig án orða.

Námsefni

Tæki, áhöld og efniviður sem hæfir viðfangsefni/verkefni hverju sinni.

Kennsluaðferðir / leiðsagnarnám

Í skólanum er unnið í anda leiðsagnarnáms sem byggir á fimm stoðum. Saman leiða þær að jákvæðari námsmenningu þar sem verkefni eru fjölbreytt, mistök eru nýtt til framfara, markmið og viðmið að settu marki eru skýr. Skipulag byggir á samræðum þar sem nemendur fá tækifæri til þess að tjá sig um námsefnið og kennarar leggja áherslu á leiðsagnarmat, leiðbeinandi endurgjöf. Saman gegna þessar aðferðir því hlutverki að valdefla nemendur og gera þá virkari og ábyrgari í eigin námi.
Sjá frekari upplýsingar á þessari vefslóð .

Námsmat/endurgjöf

Í skólanum er lögð áhersla á leiðsagnarmat. Kennarar hjálpa nemendum til raunhæfs sjálfsmats, gera þeim grein fyrir markmiðum náms og hvernig miðar í átt að þeim. Nemendur velta reglulega fyrir sér námi sínu með kennurum sínum til að nálgast eigin markmið í náminu og ákveða hvert skal stefna. Nemendum er ljóst hvaða viðmið eru lögð til grundvallar í matinu.

Námsmat í myndmennt byggir á hæfniviðmiðum og fer fyrst og fremst fram með símati þar sem fylgst er með virkni nemenda, vinnuframlagi og námsframvindu þeirra í þeim verkefnum sem unnið er að hverju sinni. Kennari á einnig í reglulegu samtali við nemendur þar sem veitt er endurgjöf sem veitir tækifæri til umbóta.

Framúrskarandi | Góð hæfni | Hæfni náð | Á góðri leið | Þarfnast þjálfunar | Hæfni ekki náð

Stefna skólans og sveitarfélagsins:

Eins og fram hefur komið er lögð áhersla á leiðsagnarnám sem útskýrt hefur verið hér að framan. Við skipulag kennslunnar er einnig hugað að einkunnarorðum skólans sem eru: Ánægja, áhugi, ábyrgð og árangur þar sem ánægður nemandi sem nálgast námið af áhuga og ábyrgð nær árangri. Menntastefna Reykjavíkurborgar leggur áherslu á fimm meginþætti, félagsfærni, sjálfseflingu, læsi, sköpun og heilbrigði en þættirnir tengjast viðmiðum aðalnámskrár grunnskóla og þá sérstaklega grunnþáttum menntunar (sjá hér fyrir neðan) auk leiðsagnarnáms.

Grunnþættir menntunar:

Grunnþættir menntunar eru fléttaðir inn í allt skólastarf en áherslur hafa verið lagðar fyrir hvert fag á hverju skólastig. Þættirnir eru læsi, sjálfbærni, sköpun, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti. Horft er til eftirfarandi þátta þegar verkefni eru sett upp og metin.

Grunnþættir menntunar í list – og verkgreinum	
Grunnþáttur	**Áhersluþættir** **Nemandi:**
Heilbrigði og velferð	- beitir réttri líkamsstöðu, - nýtir hreyfingu til að auka þol og styrk, - beitir áhöldum og tækjum greinanna á ábyrgan og réttan hátt, - er meðvitaður um réttar vinnustellingar og örugga umgengni á vinnusvæði, - sýnir frumkvæði, vinnur sjálfstætt og í hóp, tekur þátt í samvinnuverkefni, - fær tækifæri til að vinna út frá styrkleikum, - tileinkar sér mikilvægi hreinlætis,
Jafnrétti	- ræktar hæfileika sína og þroskast á eigin forsendum, - fer eftir reglum og vinnur með jafnrétti að leiðarljósi, - tekur tillit til skoðana annarra, - tekur þátt án fordóma,
Lýðræði og mannréttindi	- velur verkefni við hæfi og aðlagar að sínu áhugasviði, - vinnur sjálfstætt eftir vinnuferli, frá hugmynd til lokaafurðar, - kemur fram við aðra af virðingu og ábyrgð,

	- gerir sér grein fyrir margvíslegum tilgangi listarinnar í samfélaginu,
Læsi	- velur með leiðsögn verkefni sem henta hverju sinni, - velur og notar á réttan hátt áhöld og tæki sem henta viðfangsefnum hverjum sinni, - rökstyður val á leiðum í vinnuferli, - tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem tengjast viðfangsefninu, - getur valið og notað ólíkar aðferðir við útfærslu verkefna sinna,
Sjálfbærni	- tekur ábyrgð á sjálfum sér, umhverfi og samskiptum, - fær þor til að taka þátt í listviðburðum og vera þátttakandi í samkomum á félagslegum grunni, - sér tækifæri og möguleika sem liggja í að flokka og endurnýta efni, - nýtir efnivið á ábyrgan hátt, - sækir efnivið í grenndarskóg til að vinna úr, - gengur af virðingu og ábyrgð um vinnusvæði sitt,
Sköpun	- fær tækifæri til að tjá sig og nýta hæfileika sína í listsköpun, - þróar og vinnur með eigin hugmyndir, greinir og leitar lausna, - nýtir aðferðir og tækni á fjölbreyttan og skapandi hátt, - notar ímyndunarafl, frumkvæði og hæfileika til að skapa afurð.

Lykilhæfni

Í myndmennt er einnig horft til lykilhæfni við skipulag kennslunnar. Lykilhæfni er sú hæfni sem snýr að nemandanum sjálfum og er ætlað að stuðla að alhliða þroska hans. Lykilhæfni tengist öllum námssviðum. Hún snýr að hæfni í tjáningu og miðlun, skapandi og gagnrýnni hugsun, sjálfstæði og samvinnu, nýtingu miðla og upplýsinga og ábyrgð og mat á eigin námi sjá nánar á þessari vefslóð.

Námsaðlögun:

Leitast er við að mæta þörfum allra nemenda. Fyrir sterka námsmenn þýðir það halda eins langt og hægt er og fyrir seinfæra þýðir það hugsanlega meiri stuðning innan og/eða utan kennslustofu. Nemendur hafa ólíka hæfileika, áhugamál og þarfir og því er reynt mæta eins og kostur er.

Kynning á náms- og kennsluáætlun

Náms- og kennsluáætlanir Árbæjarskóla eru öllum aðgengilegar á vefsíðu skólans frá og með 24. ágúst 2026 og tilkynning um birtingu þeirra er send foreldrum.

Stefna og reglur námsgreinarinnar

Samskipti	Einkennast af virðingu
Mæting	Allir mæta á réttum tíma með bækur, tölvu, skriffæri og önnur nauðsynleg gögn.
Virkni í tímum	Nemendur nýta kennslutímann vel og vinna að þeim verkefnum sem lögð eru fyrir og ganga jafnframt frá kennslugögnum í lok kennslustundar. Lögð er áhersla á virkni nemenda í tímanum og samtal við kennara/samnemendur um námið.
Skyldur nemenda	Nemendur mæta undirbúnir í tíma, hafi þeir farsíma eða önnur snjalltæki (þ.m.t. Heyrnartól og úr) þurfa þeir að skila þeim til kennara eða á skrifstofu. Þeir þurfa að fylgja fyrirmælum og fylgjast með heimavinnu á www.infomentor.is / Google classroom.
Skyldur kennara	Kennarar mæta undirbúnir í tíma, eru með skýrar áætlanir, fjölbreyttar kennsluaðferðir og námsmat og leiða nemandur áfram í náminu.
Stoðþjónusta nemenda	MISMUNANDI … á ??? www.mms.is, undir námsefni - námsgrein, er hægt að hlusta á lesbókina sem hljóðbók.
Hlutverk foreldra	Foreldrar hafa samráð við skólann um skólagöngu barna sinna, fylgjast með og styðja við skólagöngu þeirra og námsframvindu og stuðla að því að börnin mæti úthvíld í skólann og fylgi skólareglum (úr Aðalnámskrá).

Áætlun skólaársins 2026-2027 í myndmennt

Tímabil	Náms- og viðfangsefni	Hæfniviðmið	Námsmat
Vika 1	**Skissubókargerð** **Úr sögu í mynd**	Byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknum og reynslu	Símat sem byggir á hæfniviðmiðum og verkefnum.
Vika 2	Blindlínuteikning og negatíft rými - æfingar Uppstilling - hlutföll, form, ljós, skuggi	Nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun	
Vika 3	Abstrakt málverk - kynning á abstrakt og fígúratífu	Vinnur hugmynd frá skissu að lokaverkefni bæði fyrir tví- og þrívíð verk	
Vika 4	**Blóm í gips eða planta, álpappír, gipsrúllur, akrýlmálning**	Notar mismunandi efni, verkfæri, miðla og tækni, á skipulagðan hátt í eigin sköpun	
Vika 5	Popplist, teikning og málun	Þekkt og gert grein fyrir völdum verkum íslenskra og erlendra listamanna, lýst þeim og greint og fjallað um ýmsar stefnur myndlistar með því að bera saman stíla og tímabil tiltekinna verka	
Vika 6	Landslagsverk - fjöll og jöklar	Fjallar um eigin verk og annarra í samtali við aðra nemendur	
Vika 7	Ólokin verkefni kláruð/ Frjálst lokaverkefni	Gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar	

Kennari áskilur sér rétt til að breyta kennsluáætlun án fyrirvara.